

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um alþjónustu í fjarskiptum.

Frá Þórarni E. Sveinssyni.

1. Hvernig hefur Póst- og fjarskiptastofnun framfylgt ákvæði a-liðar 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 en samkvæmt því skal stofnunin m.a. vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu í fjarskiptum?
2. Eiga einhver svæði eða lögbýli ekki kost á alþjónustu og ef svo er, hver eru þau?
3. Ef þörf er á úrbótum, er þá ljóst hvenær af þeim verður? Er ætlunin að nota tekjur af sölu Símans í þær?
4. Er sama gjald tekið fyrir alþjónustu um allt land?

Skriflegt svar óskast.